

Sjúkir stjórnmalaleiðtogar¹

Viðskiptalíf Vesturlanda hefur á undanförunum áratug einkennst af mikilli þenslu á verðbréfamörkuðum. Þenslan hefur verið mun meiri en efni standa til ef litið er á almennan hagvöxt á Vesturlöndum. Að baki þessari þróun liggur stöðugt vaxandi ójöfnuður þegar litið er til tekjuskiptingar í löndunum. Hinir tekjuhærri hafa haft meira milli handanna til að taka þátt í spákaupmennsku og hagnaðarhlutur fyrirtækja hefur vaxið vegna samruna fyrirtækja, alþjóðavæðingar, skattalækkana hægrisinnaðra ríkisstjórna og veikrar stöðu launþegahreyfinga. Samþjöppun auðs og valda á Vesturlöndum ógnar lýðræði þar sem skoðanamyndun og úrslit í almennum kosningum er á afdrifaríkan hátt mótuð af beinum og óbeinum fjárframlögum stórfyrirtækja. Við þessar aðstæður er eðlilegt að fólk efist ekki aðeins um heilbrigðisástand lýðræðiskerfisins heldur einnig um þá stjórnmalamenn sem raðast í valdastöður samfélagsins. Þetta er viðkvæmt umfjöllunarefni en athyglisvert rannsóknarviðfang.

Sjúkir íslenskir stjórnmalaleiðtogar

Í stjórnmalasögunni eru mörg dæmi um sjúka stjórnmalaleiðtoga sem hafa haft mikil völd. Á Vesturlöndum hafa ýmsir stórhöfðingjar verið haldnir alvarlegum sjúkdómum, en þeim hefur verið haldið leyndum til að traustverðugleiki þeirra yrði ekki dreginn í efa. Oft á tíðum er ástæða til að halda svo á málum því fordómar gagnvart sjúkdómum eru miklir. Í örsmáu samfélagi eins og á Íslandi er erfitt að halda upplýsingum um sjúkdóma stjórnmalaleiðtoga leyndum. Leiðtogarnir hér á landi hafa gjarnan brugðist við með því að leggja spilin á borðin og greina frá veikindum sínum. Dæmi um þetta eru Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson sem báðir þjáðust af alvarlegum sjúkdómum sem hefðu getað bundið enda á stjórnmaluferil þeirra eða jafnval leitt til dauða. Halldór var skorinn upp vegna krabbameins í blöðruhálskirtli árið 2002. Davíð gekkst undir aðgerð 2004 og var gallblaðran fjarlægð og sömuleiðis hægra nýra vegna staðbundins æxlis. Steingrímur J. Sigfússon lá lengi á spítala og var frá störfum í þrjú mánuði vorið 2006 eftir alvarlegt bílslys. Björn Bjarnason fór í lungnaskurðaðgerð í apríl 2007 og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir lagðist nýlega inn á spítala í Bandaríkjunum og Svíþjóð og var góðkynja æxli fjarlægð úr höfði hennar. Geir Haarde hefur greinst með illkynja æxli í vélinda og mun gangast undir aðgerð. Allir þessir aðilar hafa greint þjóðinni frá veikindum sínum en erlendis er algengt að leiðtogar haldi veikindum sínum leyndum því vitneskjan um sjúkdóma þeirra geta andstæðingar nýtt sér til að grafa undan valdastöðu þeirra.

Í sálfræði er sérstök fræðigrein sem fæst við vandamál af því tagi sem nefnd eru hér að ofan. „Sálfræði stjórnmalala“ fæst við að greina andlegt ástand sjúkra stjórnmalaleiðtoga og afleiðingar veikinda þeirra fyrir ákvarðanatöku þeirra og áherslur í stjórnmalunum (sjá J. M. Post og R., T. Robins: When Illness Strikes the Leader). Oft á tíðum einkennast áherslur sjúkra stjórnmalaleiðtoga af stórmennskudraumum og ákvarðanir þeirra hafa hörmulegar afleiðingar í för með sér. Í sumum tilfellum leiðir andlegt ástand þeirra til ofsóknartilfinninga og þeir/þær hefjast handa við að grafa undan mögulegum andstæðingum sínum og koma á einræðiskerfum í löndum sínum. Stjórnmalasálfræðingar halda því fram að leiðtogar sem eiga við dauðvona sjúkdóma að stríða ali með sér stórmennskudrauma sem geti birst í þörf fyrir að reisa sér stórkostlega minnisvarða og valda straumhvörfum í sögunni líkt og á við um leiðtoga sem eiga við geðhvörf að stríða. Hér að neðan verður fjallað um þessi fyrirbæri og vísað í þekkt dæmi úr sögunni.

¹ Grein þessi var send Lesbók Morgunblaðsins til birtingar í október 2008 en hefur ekki enn verið birt þrátt fyrir jákvæð viðbrögð ritstjóra Lesbókarinnar. Greinin var uppfærð í janúar 2009 eftir að fréttir bárust af krabbameini Geirs Haarde og send DV en engin svör bárust frá ritstjórn blaðsins.

Geðhvörf

Geðhvörf einkennast af því að viðkomandi einstaklingur sveiflast milli taumlausrar athafnagleði og þunglyndis. Einn daginn er hann eða hún full af atorku, en næsta dag eins og í dvala. Hegðunin verður villt og ókerfisbundin, hann er fljótfer, óbilgjarn og jafnvel árasagjarn. Nótt eftir nótt er viðkomandi andavaka mestan hluta nætur og hefur ekki stjórn á sér í samskiptum við samstarfsfólk sitt eða ættingja. Oft fylgir ástandinu óhófleg drykkja. Stundum er sköpunarkrafturinn í hámarki. Jafnan fylgir ástandinu óbilandi sjálfstraust sem er á mörkum mikilmennskuæðis, en hugmyndir viðkomandi um að hann sé einhvers konar mikilmenni er leið hans til að vinna gegn óbærilegu hugarástandi þunglyndisins. Á öðrum tímum er hann allur inni í sér, á í miklum erfiðleikum með einbeitingu og er jafnvel í sjálfsmorðshugleiðingum.¹

Geðhvörf Churchills

Ástæður geðvarfa eru umdeildar. Ýmsir geðlæknar og sálfræðingar halda því fram að sjúkdómurinn sé arfgengur. Aðrir telja fyrirbærið skýrast af arfgengum og félagssálfræðilegum ástæðum. Þetta á við um greiningu J.M. Post og R.T. Robins á Winston Churchill fyrrum forsætisráðherra Breta. Í bók þeirra “When Illness Strikes the Leader” greina þeir frá geðvarfavandamáli hans og óraunhæfum stórmennskuhugmyndum. Geðsveiflur Churchills voru miklar og til að halda þeim í skefjum notaði hann óspart örvandi og róandi lyf og neytti mikils magns áfengis eins og þekkt er. Í stórmennskuæðum sínum tók Churchill oft veruleikafirrtar ákvarðanir sem höfðu hörmulegar afleiðingar í för með sér. Í fyrri heimstyrjöldinni var hann hæstráðandi í breska sjóhernum sem “Lord of Admiralty” og meðlimur í stríðsráði Breta. Hann tók beinan þátt í styrjöldinni með ákvörðunum sínum. Sem dæmi ætlaði hann sér að breyta gangi heimstyrjaldarinnar og um leið heimssögunnar með því að ráðast gegn Tyrkjum árið 1915 við Gallipoli á Dardanellenesinu á mörkum Grikklands og Tyrklands. Tyrkir voru bandamenn Þjóðverja, Þrátefli hafði skapast í styrjöldinni á vestur og austur vígstöðvunum og Churchill ætlaði sér að valda straumhvörfum í sögunni með því að láta sameiginlegan flota Breta og Frakka sprengja Tyrki út úr heimstyrjöldinni. Í Orrustunni við Gallipoli á Dardanella særðust og létust 550 þúsund manns, þar af 205 þúsund Bretar og 47 þúsund Frakkar. Churchill blés til orrustu þrátt fyrir að helstu hershöfðingjar Breta og sérlegur ráðgjafi hans, John Fisher flotaforingi, teldu aðgerðina vonlausu frá upphafi. Eftir þetta var hann settur í pólitíska útlegð.

Alvarlegt þunglyndi var vel þekkt í fjölskyldu föður Churchills, en Post og Robins telja þunglyndi hans hafa stafað af sambandi hans við foreldra sína. Faðir hans, Randolph Churchill, var einn helsti leiðtogi Íhaldsflokksins á sinni tíð. Í æsku mætti Winston Churchill miklum kulda og fjarlægð af hálfu foreldra sinna, sérstaklega frá móður sinni. Slík samskipti barna og foreldra leiða gjarnan til þunglyndis þegar barnið er komið á fullorðinsár. Þunglyndissjúklingar vinna oft á þunglyndinu með því að hverfa inn í dagdrauma um eigin stórmennsku og mikilvægt hlutverk í sögunni. Winston gerði ekki föður sinn að fyrirmynd sinni, heldur John Churchill Duke of Marlborough afa sinn í áttunda lið. Hann var mikill hershöfðingi og dáður fyrir að hafa unnið miklar orrustur fyrir Breta og m.a. brotið á bak aftur mátt Frakka á meginlandi Evrópu í orustum 1704. Churchill fór í herskóla og hafði mikla drauma á því sviði.

Þrátt fyrir Dardanella hneykslið varð Winston Churchill einn helsti stjórnsmálleiðtogi Breta og reyndist þeim betri en enginn í seinni heimstyrjöldinni. Hann var fremstur í flokki þeirra og meðal fyrstu stjórnsmálanna Breta sem varaði við og barðist gegn uppgangi nasista í Þýskalandi. Hann leit á það sem sögulegt hlutverk sitt að stýra Bretum gegnum heimstyrjöldina og eftir hana var hann sannfærður um að það væri sögulegt hlutverk hans að koma í veg fyrir þriðju heimstyrjöldina. Þegar Seinni heimstyrjöldin stóð sem hæst var andlegt ástand hans oft afar bággt. Sir Francis Alan Brooke, einn æðsti embættismaður Breta skrifaði í dagbók sína 24. mars 1944 að Churchill “virðist algerlega ófær um að einbeita sér langtímum saman og ruglar stöðugt”. Á þessum tíma hafði andlegu og líkamlegu atgervi hans hrakað verulega og hann neytti mikils áfengis, róandi og örvandi lyfja. En, þrátt fyrir veikindi Churchills efast fáir um að hann var einn mikilvægasti leiðtogi Vesturlanda á síðustu öld.

Líkamlegir sjúkdómar og geðröskun

Líkamlegir sjúkdómar hafa áhrif á andlegt ástand manna. Alvarlegir og banvænir sjúkdómar geta haft þau áhrif að menn hverfa inn í draumaheim stórmennsku. Sem dæmi um slíkt má nefna Ferdinand Marcos, sem þjáðist af alvarlegum nýrnasjúkdóm, sem orsakaðist af helluroða, öðru nafni lúpus eða rauðir úlfar (lupus erythematosus). Helluroði er væg útgáfa sjúkdómsins, en lúpus eða rauðir úlfar er notað yfir alvarlegri tilfelli hans. Lúpus einkennist af því að ónæmiskerfið hættir af óþekktum ástæðum að mynda mótefni gegn eigin efnasamböndum og frumum og þetta getur valdið skemmdum á vefjum líkamans. Einkennin eru bólgur eða verkir í liðum, rauðir flekkir í húð sem oft eru mjög áberandi í andliti en einnig er þunn húð, áberandi æðar, munnsár og hárlós algengt. Auk þessa lýsir lúpus sér í brjósthimnubólgu, gollurshúsbólgu, einkennum frá miðtaugakerfi og skertri nýrnastarfsemi. Sýkingar geta valdið sjúkdómnum en margir læknar telja hann geta verið arfgengan.

Marcos fékk lúpus að talið er eftir að hafa fengið malaríu í skógum Filippseyja þar sem hann barðist sem skæruliði gegn Japönnum 1942. Lúpus hans leiddi til ólæknandi nýrnasjúkdóms. Marcos var kjörinn forseti Filippseyja 1965, en 1969 hóf hinn kommúníski Nýi her alþýðunnar uppreisn með skæruliðahernaði sem magnaðist stig af stigi. Árið 1972 innleiddi Marcos herlög í landinu til að ná tökum á skæruliðum og fékk einræðisvöld. Hann útnefndi sjálfan sig forsætisráðherra 1973. Flestir telja að ekki hafi verið ástæða til að setja á herlög. Post og Robins telja í bók sinni að fleira en stjórnmalalegar ástæður liggi að baki þróuninni. 1971 var Marcos greindur með hinn ólæknandi nýrnasjúkdóm. Post og Robins telja að hann hafi af sálfræðilegum ástæðum haft þörf til að sýna mátt sinn og völd. Hann stóð frammi fyrir því að líkami hans hrörnaði og myndi draga hann til dauða fyrir en eðlilegt væri. Angistin leiddi hann inn á braut einræðisþarfar og eftir því sem honum hrakaði líkamlega herti hann tökin á þjóðinni. Valdastaða hans var háð því að enginn efaðist um að hann væri sterkur leiðtogi. Hann þurfti að öllum líkindum að fara í daglega nýrnahreinsun allt frá því snemma á áttunda áratugnum og þannig var hann stöðugt minntur á dauðleika sinn. Persónuleiki hans hefir mótast af þessari stöðu.

Árið 1978 var ekki lengur hægt að leyna sjúkdómi Marcos og fréttir um ástand hans láku úr forsetahöllinni. 1980 lögðu Bandarískir sérfræðingar til að hann gengist undir nýrnaígræðslu. Skömmu síðar undirritaði Marcos leynilega ný lög um öryggi almennings sem færðu honum aukin völd. Þáfi heimsótti Filippseyjar 1981 og var herlögnum þá loks aflétt en um leið undirritaði Marcos leynilega ný þjóðaröryggislög sem færðu honum enn meiri völd.

Honum hrakaði stöðugt og hann varð stöðugt einangraðri, en kona hans, Imelda, og Fabian Ver voru sögð hans einu tengsl við umheiminn. Þau höfðu nú mikil völd. Í ágúst 1983 var heili hans farinn að skadast af veikinni. Hann undirritaði bráðabirgðalög sem heimiluðu að stjórnvöld gætu handtekið alla þá sem grunaðir voru um uppreisnarstarfsemi án dóms og laga. Lögin voru Marcos nauðsynleg vegna vaxandi óánægju almennings með stjórnina og vegna andstöðu gegn morðum á stjórnmalamönnum úr röðum stjórnarandstæðinga. Síðla í ágúst fór Marcos í nýrnaaðgerð og fékk ný nýru. Stuttu síðar, 21 ágúst, kom helsti stjórnarandstæðingur hans, Benigno Aquino, úr útleið. Aquino var myrtur þegar hann sté úr flugvélinni. Líkami Marcos snerist gegn hinum nýju nýrum og hann varð að fara reglulega í nýrnahreinsun. Hann hafði ekki lengur vald yfir eigin líkama eða getu til að stjórna. En hann gat ekki af sálfræðilegum ástæðum gefið frá sér völd sín því það jafngilti því sálfræðilega að gefast upp í baráttunni fyrir eigin lífi

Á síðasta stjórnarári Marcos, 1985, var valdnýðsla hans enn skýrari en nokkru sinni. Alþjóðlegur þrýstingur, m.a. frá Bandaríkjunum neyddi hann til að boða til kosninga 1986. Alþjóðlegt eftirlit var með kosningunum og var ljóst að andstæðingur hans, Corazon Aquino, hafði sigrað. Úrslit

kosninganna voru gróflega fölsuð og var tilkynnt að Marcos hefði sigrað. Mælirinn var fullur. Nú framkvæmdu hershöfðingjar valdarán og Marcos og kona hans flúðu land.

Leiðtogar og krabbamein

Nefna má fleiri dæmi um banvæna sjúkdóma sem geta leitt til þess að persónuleiki manna breytist og hafi áhrif á ákvarðanir stjórnmalaleiðtoga. Mörg dæmi eru um að leiðtogar sem þjáist af slíkum sjúkdómum hverfa inn í heim dagdrauma um stórmennskulegt hlutverk í sögunni og hneigist til einræðislegra stjórnarháttá. J.M. Post og R.T. Robins greina frá ýmsum slíkum dæmum í bók sinni “When Illness Strikes the Leader”. Mao Zedong er eitt slíkt dæmi. Hann þjáðist af krabbameini í þekjufrumu sem dreifist um allan líkamann. Hann leið miklar kvalir af magakrabba frá því a.m.k. 1974. Hann óttaðist að arftakar hans myndu gera lítið úr afrekum hans í samfélagsbyltingunni í Kína og hann myndi gleymast. Menningarbyltingin í Kína er rakin til þessa ótta hans, en í henni var flestum andstæðingum hugmynda hans komið fyrir kattarnef, og raunar miklu fleiri öðrum. Líkt og hjá Marcos var baráttan fyrir framhaldi byltingarinnar hluti af hans eigin dauðastríði.

Fleiri dæmi má nefna, svo sem eins og t.d. Pompidou forseta Frakklands sem þjáðist af mergæxli. Til að koma í veg fyrir að ímynd skapaðist af honum sem veikum leiðtoga var veikindum hans haldið leyndum fram á dauðadag. Það kom sér illa og olli stjórnmalakreppu í Frakklandi því hann hafði ekki undirbúið arftaka sinn og stjórnskráin gerir ekki ráð fyrir að varaforseti taki við. Veikindi hans höfðu áhrif á skapgerð hans. Hann varð örgeðja og átti í miklum samskiptaerfiðleikum við samstarfsfólk sitt. Sömu sögu er að segja af samskiptum hans við fjölmiðlafólk. Veikinni var haldið niðri með lyfjagjöf, en fylgikvillar hennar voru tíðar inflúensur. Hann var því oft frá vinnu og fjarlægðist almenning og kjósendur.

Annað dæmi um leiðtoga sem þjáist af krabbameini sem hefur áhrif á persónuleika og getu í stjórnmalum er Mohammed Reza Pahlavi fyrrum Íranskeisari. Talið er að hvítblæði hans hafi greitt götu valdatöku Khomeini og byltingar múhamedstrúarmanna 1978-9. Keisarin stóð fyrir svokallaðri „hvítu byltingu“ í Íran á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar. Byltingin fólst í nútímavæðingu landsins að vestrænni fyrirmynd með miklum framkvæmdum í samgöngum, umbótum í landbúnaði, eflingu iðnaðar og umbótum í mennta- og heilbrigðismálum. Hvíta byltingin fólst einnig í því að koma olúidnaðinum í hendur erlendra olúfyrirtækja, en olúidnaðurinn hafði verið þjóðnýttur á sjötta ártugnum. Keisarin ríkti í skjóli einveldis og gagnrýni harðnaði dag frá degi á spillingu, ójafna skiptingu tekna af olúframleiðslunni og harðræði leynilögreglu hans, sem barði niður hvers kyns andstöðu gegn stefnu hans. Andstaðan jókst verulega eftir að olútekjurnar jukust verulega í olúkreppunni 1973. Óánægja lágstéttanna, smákaupmanna og stúdenta leiddi til þess að stuðningur við Khomeini jókst jafnt og þétt.

Keisaranum tókst að halda hvítblæði sínu leyndu til 1979 eða þar til hann flúði til Mexíkó. Sársaukafull veiki hans gerði hann óstarfhæfan á löngum tímabilum, en starfsgeta hans var ekki bara skert af völdum sjúkdómsins. Sjúkdómurinn kemur misjafnlega niður á fólki en hann var afar erfiður í tilfelli keisarans. Hann var meðhöndlaður með sterkri lyfjagjöf til að vinna á angist hans og alvarlegu þunglyndi. En auk þess að deyfa andlega líðan hafa sum lyf sem gefin eru við sjúkdómnum þau áhrif að draga úr dómgreind viðkomandi. Steralyf, sem algengt er að gefa við hvítblæði og eitlakrabbameini skapa oft sælúvím hjá sjúklingnum og fylgikvillum eins og ofurbjartsýni og þunglyndi eða vonleysistilfinningu og örvilnan.

Mohammed Reza gaf út bók árið 1960, “Mission of My Country”, þar sem hann lýsti ætlunarverki sýnu með hvítu byltingunni. Hann trúði því að sem öflugur leiðtogi gæti hann fullkomnað ætlunarverkið og skilað vestrænu Íran í hendur sonar síns. Veikindin urðu honum mikið áfall og höfðu sálræn áhrif á stefnu hans og ákvarðanir. Þegar hann varð alvarlega veikur árið 1973 hætti hann samstarfi Írans við OPEC ríkin og olúverð snarhækkaði. Afleiðingin var að miklar tekjur

streymdu inn í Íran og væntingar almennings um bætt lífskjör urðu miklar. Það gekk ekki eftir enda skorti landið forsendur til iðnþróunar og að koma á þróuðu samgöngukerfi og velferðarkerfi. Keisarinn lagði allt í sölurnar til að hraða hvítu byltingunni áður en hann dæi innan fárra ára. Andstaðan gegn honum magnaðist en hann beitti þó ekki herlögum til að bæla hana niður. Hann hafði nefnilega einnig annan tilgang í lífinu en hvítu byltinguna. Tilgangur var að skila keisaradæminu í hendur sonar síns en það taldi hann ekki mögulegt ef þjóðin væri kúguð til hlýðni með hervaldi. Hann skrifaði að samband keisara og þjóðar fælist í bandalagi sem ekki yrði rofið. Harðstjóri hefur ekkert til að skila af sér til framtíðarinnar því völdin eru bundin við hann einan. Keisari skilar völdum til arftaka síns. Þjóðin er í bandalagi við keisarafjölskylduna en ekki keisarann einan sem persónu sagði hann. Mohammad Reza Pahlavi lést 1980.

Nefna má enn fleiri dæmi sem varpa ljósi á hvernig sjúkdómar og lyfjaneysla skerða getu stjórnmalaleiðtoga til að leika hlutverk sitt. Slík dæmi má finna í bók Post og Robins, t.d. Adolf Hitler, Eisenhower forseta Bandaríkjanna, Nixon, Reagan, Boris Yeltsin o.fl.

Enn hefur enginn greint stjórnmalasögu Íslands í ljósi stjórnmalasálfræðinnar en það yrði vafalaust athyglisverð rannsókn enda hefur Ísland alið mörg stórmennin.

¹Margir stjórnendur fyrirtækja eiga við geðhvörf að stríða en í slíkum tilfellum er í stjórnunarfræðum talað um „stjórnendaveiki“. Sjá grein Ívars Jónssonar „Stjórnendaveiki“ í Viðskiptabaði Morgunblaðsins 9. september 2004.